

**Nd.**

**21. Frumvarp til laga**

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

a. Í 1. tölulið 3. gr. laganna falli niður orðin „óflekkað mannorð“.

b. Aftan við 3. gr. bætist nýr töluliður, 9. töluliður, svo felldur:

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

**2. gr.**

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að breytt verði nokkuð ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast leyfi til leiðsögu skipa.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsídóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsíðoms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsíðómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsíðómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi, sbr. þskj. 217, 1957.